Keiludeild ÍR firnasterk frá fyrsta degi

Þegar saga ÍR er skoðuð er áberandi hversu félagið hefur oft átt frumkvæðið að því að taka upp nýjar íþróttagreinar; taka iðkendur þeirra undir sinn verndarvæng, veita tómstund þeirra aðstöðu og húsaskjól og stuðla þannig að því að íþróttin yrði hafin til vegs og virðingar. Félagið hefur frá upphafi verið opið fyrir nýjungum og jafnvel rutt þeim braut. Má því segja að það hafi verið ÍR í blóð borið að taka við nýrri kynslóð íþróttaiðkenda er keiludeild félagsins var stofnuð.

Eftir að keilusalur sem verið hafði í Garðabæ var fluttur yfir í Mjódd í Breiðholti lá beinast við þeim sem þar höfðu stundað íþróttina að stofna keiludeild ÍR í húsakynnum þeim sem verslunin Kaupstaður var í áður. Deildin þurfti eiginlega aldrei að slíta barnsskónum heldur fæddist hún nokkuð vel sköpuð, með því að stór hluti Keilufélags Garðabæjar gekk í hana við stofnun og ennfremur ein keppnissveit úr Keilufélagi Reykjavíkur.

Deildin var stofnuð 31. ágúst 1994. Stofnendur hennar eru: Ásgeir Þór Þórðarson, Arnar Snæbergsson, Jón Ásgeir Ríkharðsson, Björn Þ. Vilhjálmsson, Jörundur Jörundsson, Ingi G. Sveinsson, Eiríkur Ingi Kristinsson, Hjálmtýr Ingi Ingason, Hörður Ingi Jóhannsson, Sigurður Ingason, Ólafur Guðmundsson, Árni Valdimar Kristjánsson, Kristinn Freyr Guðmundsson, Halldór Ragnar Halldórsson, Sigríður Klemensdóttir og Þórður Kjartansson.

Strax við fæðingu urðu til í keiludeild ÍR sjö karlalið, tvö kvennalið og eitt unglingalið.

Munu um 60 manns hafa gengið til liðs við deildina á vöggudögum hennar. Að auki æfðu 30–40 unglingar reglulega í Mjóddinni frá byrjun, undir handleiðslu Halldórs Ragnars Halldórssonar.

Árangur keilara ÍR hefur verið mikill og góður alveg frá upphafi, bæði innan lands sem utan. Hefur þó staðan verið önnur hér á landi en annars staðar. Framan af stunduðu um 400 manns íþróttina sem keppnisgrein hér á landi flest ár, fjórðungur þar af hjá ÍR. Í Bandaríkjunum munu um fimm milljónir æfa keilu reglulega og um 38.000 í Svíþjóð en Svíar urðu t.d. heimsbikarmeistarar 1995.

Strax á fyrsta ári eignaðist félagið Íslandsmeistara í unglingaflokki, Axel Brand, en tveir liðsmenn deildarinnar að auki unnu til verðlauna á mótinu. Meistaraflokkur ÍR varð strax mjög sterkur því á Reykjavíkurmótinu stuttu eftir stofnun deildarinnar urðu sveitir félagsins í fyrstu tveimur sætum í liðakeppni mótsins. Það lýsir styrk deildarinnar og enn betur að ÍR átti þrjá af sex landsliðsmönnum sem kepptu fyrir Íslands hönd á Norðurlandamóti sem háð var hér á landi í byrjun árs 1995.

Ásgeir Þór Þórðarson ÍR og Elín Óskarsdóttir KFR, Íslandsmeistarar einstaklinga 2002.
Mynd: Valgeir Guðbjartsson.

Keila iðkuð frá 1985

Keila hefur verið iðkuð hér á landi í núverandi mynd frá 1985 eða frá því keilusalurinn í Öskjuhlíð var opnaður. Þar voru 12 brautir í fyrstu en fjölgaði síðar í 18. Árið 1987 var 10 brauta keilusalur opnaður í Garðabæ en hann var svo fluttur þaðan 1994 í Mjóddina í Reykjavík og við það varð keiludeild ÍR til, sem að framan greinir.

Það var fyrst og fremst fyrir frumkvæði eigenda keilusalanna að hópar fólks sameinuðust um að spila reglulega. Héldu þeir áhuganum við með mótum og ýmsum uppákomum. Hann varð mjög mikill strax í byrjun. Efnt var til Íslandsmóts þegar árið 1985. Keppnissveitir hafa ávallt komið fram undir eigin nafni þar sem þær eru sjálfstæðar einingar innan félaga sinna, skipaðar fjórum til sjö mönnum. Þetta á við hjá ÍR en þar bera sveitir til dæmis nöfnin ÍR-KLS (Keilulandssveitin) og ÍR-PLS (Piltalið Suðurnesja) svo eitthvað sé nefnt.

Árið 1986 var Keilufélag Reykjavíkur (KFR) stofnað og gengu í það allar sveitirnar sem þá voru starfandi innan veggja keilusalanna. Keilufélag Garðabæjar var stofnað árið eftir við opnun salarins í Garðabæ. Við af því félagi tók keiludeild ÍR þegar keilusalurinn var fluttur í Mjóddina, nánast á athafnasvæði ÍR.

Starfsemi keilufélaga snýst að langmestu leyti um keppni, þátttöku í urmul móta frá því á haustin og fram á vor. Sveitir þeirra taka þátt í deildarkeppni þar sem keppt er einu sinni í viku frá september og fram í mars. Fjögur efstu liðin úr deildarkeppninni keppa síðan öll innbyrðis á ný í sérstakri úrslitakeppni. Tvær efstu þar keppa svo enn á ný til úrslita og þá um Íslandsmeistaratitilinn.

Þá fer fram Reykjavíkurmót þar sem keppt er milli liða, einstaklinga með og án forgjafar, para og loks í tvímenningi. Á Íslandsmóti er einnig keppt í flokki einstaklinga með og án forgjafar, para og tvímenningi. Þá er eitt af stærri mótum vertíðarinnar svonefndur Freyjubikar sem ÍR hefur ætíð staðið fyrir. Þar er um að ræða fjögurra daga mót sem gefur rétt til þátttöku í heimsmeistarakeppni einstaklinga. Af stærri mótum fer svo loks bikarkeppni Keilusambandsins fram á hverjum vetri og tekur marga keppnisdaga. Einnig fer fram bikarkeppni Sjóvár sem er einstaklingskeppni.

Með þessu fyrirkomulagi keppa keilarar í hverri viku allt starfsárið, bæði sem einstaklingar og með sínum liðum. Þar ofan á leggst þátttaka í mótum með landsliði. Að nokkru leyti hefur þessi mikla keppni háð eiginlegu félagsstarfi keilufélaga.

ÍR-ingar afar sigursælir í keilumótum

ÍR-ingar hafa frá upphafi verið afar sigursælir í keilumótum. Ásgeir Þór Þórðarson varð Íslandsmeistari einstaklinga 1995, 1998, 2002 og meistari með forgjöf 2004. Í forgjafarmótinu lagði hann Steinþór Geirdal Jóhannsson, félaga sinn úr ÍR, í jöfnum og skemmtilegum leik, 638–632. Í þriðja sæti varð þriðji ÍR-ingurinn, Arnar Ólafsson. Steinþór lá aftur í úrslitaleiknum 2005, þá fyrir öðrum ÍR-ingi, Hafliða Ólafssyni, sem varð þar með Íslandsmeistari í keilu fullorðinna aðeins 14 ára gamall, en hann er fæddur 1991. Þá varð Ástrós Guðmundsdóttir Íslandsmeistari kvenna með forgjöf 2003 og Guðný Gunnarsdóttir 2005.

Guðný Gunnarsdóttir ÍR, Íslandsmeistari með forgjöf 2005. Með henni á myndinni er Guðlaug Aðalsteinsdóttir ÍA sem varð í öðru sæti.
Mynd: Valgeir Guðbjartsson.

ÍR-ingar hafa verið mjög sigursælir í Íslandsmótunum í svonefndum tvímenningi. Tíu sinnum hafa þeir orðið hlutskarpastir og einu sinni

að hálfu leyti. Ásgeir Þór Þórðarson og Halldór Ragnar Halldórsson voru ósigrandi árum saman og urðu Íslandsmeistarar fyrstu fjögur árin sem keppt var í þessum flokki, eða 1994–97. Ingi Geir Sveinsson hlaut titilinn ásamt leikmanni úr öðru félagi 1998. Þeir lögðu í úrslitaleik að velli meistarana fjórföldu, Ásgeir Þór og Halldór Ragnar, sem urðu að sætta sig við annað sætið.

Ásgeir Þór Þórðarson og Halldór R. Halldórsson, Íslandsmeistarar í tvímenningi 1994. Mynd: Ópekkt.

Jón Helgi Bragason og Hjálmtýr Ingason náðu einkar vel saman í tvímenningi og færðu ÍR titilinn aftur árið 2000. Og reyndar þrjú næstu árin einnig eða fjögur ár í röð, rétt eins og Ásgeir Þór og Halldór Ragnar áður.

Metin féllu í gríð og erg

Fjórða titilinn unnu Jón og Hjálmtýr vorið 2003 eftir æsispennandi úrslitaleik við félaga sína úr ÍR, Halldór Ragnar Halldórsson og Sigurð Lárusson. Slík voru átökin að metin féllu í hrönnum í viðureigninni. Jón og Hjálmtýr urðu að taka á honum stóra sínum til að vinna. Dugði þeim ekkert minna en bæta Íslandsmetin í tvímenningi í tveimur, fjórum og fimm leikjum; 929, 1.850 og 2.319 . Jón Helgi bætti að auki Íslandsmet einstaklinga í fjórum og fimm leikjum; 995 og 1.228 stig. PLS-sveitin tryggði sér því Íslandsmeistaratitilinn með ótrúlega góðu spili.

Halldór Ragnar og Sigurður voru í miklu stuði í undanúrslitunum og settu fimm Íslandsmet, í tveimur, þremur, fjórum, fimm og sex leikjum. Voru þeir efstir í mótinu fyrir lokadaginn en biðu þar lægri hlut gegn Jóni Helga og Hjálmtý Inga, sem fyrr segir. Það sýndi svo styrkleika keiludeildar ÍR að Arnar Sæbergsson og Steinþór Jóhannsson urðu í þriðja sæti.

Röðin var komin að Steinþóri Geirdal Jóhannssyni og Arnari Sæbergssyni árið 2004. Steinþór vann svo titilinn í tvímenningi aftur 2006 en þá var Róbert Dan Sigurðsson samspilari hans. Fyrra árið lögðu Steinþór og Arnar félaga sína úr ÍR, þá Halldór Ragnar og Matthías Helga Júlíusson.

Úrslitakeppni tvímenningsins 2006 var æsispennandi. Tvíeyki frá KFR og KR leiddi að lokinni forkeppni og milliriðli og hélt forystu út undanúrslitin. Steinþór og Róbert Dan léku næstbest og voru að auki með flesta bónuspinna en með því komust þeir í annað sæti.

Mótherjum þeirra dugðu tvö stig til að vinna Íslandsmeistaratitilinn en ÍR-ingarnir urðu að ná þremur.

Lönduðu titli í síðasta skoti

Steinþór og Róbert Dan byrjuðu af miklum krafti, unnu fyrsta leikinn með 479 pinnum gegn 409 og þann næsta með 423 gegn 418. Töpuðu þriðja naumlega 377–383 og var því ljóst að fjórði leikurinn réði úrslitum. Baráttan var mikil enda félli sigur hjá því liði sem ynni fjórðu rimmuna. Var hún einkar jöfn og tvísýn. Eins og best verður á kosið réðust úrslitin ekki fyrr en í síðasta skoti. Það átti Steinþór sem tók níu pinna en með því unnu þeir Róbert leikinn með 377 pinnum gegn 376. Má því segja að þeir hafi hirt Íslandsmeistaratitilinn með einum pinna.

Aðeins einu sinni hefur ÍR eignast Íslandsmeistara para, eða 2005 er Halldór R. Halldórsson og Guðný Gunnarsdóttir fóru með sigur af hólmi. Fyrir úrslitaviðureignina voru þau í öðru sæti en lögðu mótherja sína í þremur viðureignum í lokaleiknum og hampa titlinum.

Mjög oft hafa sveitir félagsins hins vegar unnið Íslandsmót liða, sérstaklega hin seinni ár. Og jafnvel verið þá að keppa þar innbyrðis um sigur og/eða þriðju verðlaun. Fyrsta sigur ÍR í 1. deild karla vann KLS-sveit ÍR árið 1998. Varð sveitin bæði Íslands- og deildarmeistari. Hið sama afrekaði PLS-sveitin árið eftir. Þessa fyrstu meistarasveit KLS skipuðu Ásgeir Þór Þórðarson, Arnar Sæbergsson, Jón Ásgeir Ríkharðsson, Ingi Geir Sveinsson og Jörundur Jörundsson.

Hjálmtýr Ingason ÍR og Jón Helgi Bragason ÍR, Íslandsmeistarar í tvímenningi 2002. Mynd: Valgeir Guðbjartsson.

Af mörgum keppnisliðum ÍR í keilu hafa þessi tvö verið í sérflokki hvað afrek varðar. KLS-sveitin hefur verið í fremstu röð í landinu alveg frá stofnun keiludeildarinnar 1994. Báðar eru margfaldir Íslands- og bikarmeistarar. Fyrirliði KLS-sveitarinnar, Ásgeir Þór Þórðarson, hefur verið fremstur meðal jafningja frá upphafi.

Metin féllu í hrönnum er PLS-sveitin varð Íslandsmeistari 2003

Sveitirnar tvær hafa skipst á að sigra. ÍR-KLS varð Íslandsmeistari og deildarmeistari að nýju 2001 og ÍR-PLS lék sama leik 2003. Vann hún deildartitilinn á afmælisdegi ÍR 2003, 11. mars.

Sveitin kom sá og sigraði á lokadegi Íslandsmótsins í apríl 2003 og tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn með fádæma góðu spili. Íslandsmetin stóðust ekki atganginn. Sveitin setti tvö ný met, 1.828

ÍR-ingar sigursælir í Íslandsmeistaramóti í tvímenningi 2004 Aftari röð: Steinþór G. Jóhannsson og Arnar Sæbergsson, Íslandsmeistarar í tvímenningi 2004. Fremri röð: Árni Geir Ómarsson, þriðja sæti, og Matthías Helgi Júlíusson og Halldór R. Halldórsson, öðru sæti. Á myndina vantar Sigurð Lárusson sem einnig varð í þriðja sæti. Mynd: Valgeir Guðbjartsson.

stig í 4 x 2 leikjum (229 í meðaltal) og 2.755 í 4 x 3 leikjum (230 í meðaltal). Þessu til viðbótar setti Halldór Ragnar Halldórsson tvö met, felldi 575 pinna í tveimur leikjum (288 í meðaltal) og 818 í þremur leikjum (273 í meðaltal). Það má því segja að glans hafi verið á leik PLS-sveitarinnar og hún hafi tekið titilinn með stæl þetta árið.

Hún lét einnig að sér kveða í undanúrslitum. Mætti þar bræðrasveit sinni ÍR-KLS í keppni um sæti í úrslitum. Gaf sig hvergi í þeirri rimmu, spilaði frábærlega vel og setti Íslandsmet í seríu eða 2.690 stig og vann 8–0 þrátt fyrir frábæra spilamennsku KLS-sveitarinnar sem hlaut 2.542 stig. Með spilamennskunni tryggði ÍR-PLS sér hæsta meðaltalið í deildinni. Sveitin var í stuði þennan vetur því hún varð einnig deildarmeistari og átti hæstu seríu vetrarins.

KLS-sveitin tók við kyndlinum á ný með sigri í 1. deild 2004. Hún varð Íslandsmeistari einnig árið eftir en í fyrra, 2006, var röðin komin að PLS-sveitinni á ný. Varð hún bæði deildar- og Íslandsmeistari 2006. Í henni voru Jón Helgi Bragason, Halldór Ragnar Halldórsson, Hörður Ingi Jóhannsson, Steinþór Geirdal Jóhannsson, Ólafur Guðmundsson og Matthías Helgi Júlíusson, Sigurður Eggert Ingason, Hjálmtýr Ingason og Christopher Benett. Í afar jafnri lokarimmu var Hörður Ingi bjargvættur liðsins og tryggði því sigur með mjög góðu spili.

Heilladísirnar með ÍR-PLS

Óhætt er að segja að spennan hafi verið óbærileg í Keilu í Mjódd þegar þriðja og síðasta viðureign í úrslitum 1. deildar karla 2006 fór fram. Sveitin ÍR-PLS hafði mikla yfirburði framan af og virtist aðeins formsatriði fyrir hana að klára dæmið og hreppa Íslandsmeistaratitilinn. Mótherjarnir voru ekki á þeim buxunum að gefa eftir. Þegar níu rammar voru búnir í síðasta leiknum leit út fyrir að þeir ynnu öll stigin úr þeim leik sem og stigin fyrir heildina og myndu jafna, 30–30. Þeir hefðu þá hampað titlinum á kostnað ÍR-sveitarinnar á hærra meðaltali. En heilladísirnar voru með ÍR-ingunum sem unnu 31–29 og tryggðu sér titilinn í blálokin. Sveitina skipuðu Jón Helgi, Halldór Ragnar, Hörður Ingi og Steinþór. Var Hörður Ingi bjargvættur ÍR-PLS með góðum leik á lokadeginum, vann þá 659 stig.

Þessar tvær meistarasveitir ÍR-inga bættu við sig fleiri skrautfjöðrum með sigri í svonefndri meistarakeppni Keilusambandsins. Sá titill hafnaði fyrst hjá ÍR eftir bræðraglímu sveitanna tveggja 1998 en þar hafði PLS betur. Hún varð meistari meistaranna aftur 2003 en KLS-sveitin hrósaði sigri 2001, 2002, 2004 og 2005. PLS vann svo 2006, sem fyrr segir. Einnig braut kvennalið ÍR-TT blað í sögu keilunnar þegar þær sigruðu í Meistarakeppni KLÍ 2006 og urðu þannig fyrsta kvennalið utan KFR til að vinna titil í liðakeppni í efstu deild kvenna.

Mikið flug var á liði ÍR-A í lok aldarinnar. Það var skipað ungum og upprennandi spilurum sem oftast höfðu staðið uppi í hárinu á sér mun eldri liðum í 3. deild karla. Það voru þeir Ásgeir Símon Halldórsson, Árni Geir Ómarsson, Ingvi Geir Ómarsson, Árni Henry Gunnarsson, Haukur Friðrik Smárason, Ívar G. Jónasson og Guðjón. Sveitin gerði sér svo lítið fyrir og vann deildina 1998 og þar með titilinn Íslandsmeistari í 3. deild. Með því vann hún rétt til að keppa í 2. deild árið eftir. Þar hafði hún stutta viðdvöl því þar hrósaði hún sigri á fyrsta ári og öðlaðist við það keppnisrétt í efstu deild árið 2000.

Árið 1998 það besta en titilleysi einkenndi árið 2000

Þótt velgengni í mótum hafi lengstum einkennt liðsmenn keiludeildar ÍR var keppnistímabilið 1997–98 það besta til

ÍR-PLS og ÍR-TT sigurvegarar Meistarakeppni KLÍ 2006. Aftari röð: Sigurður Eggert Ingason, Hörður Ingi Jóhannesson, Halldór R. Halldórsson, Linda H. Magnúsdóttir og Steinþór G. Jóhannsson. Fremri röð: Karen Rut Sigurðardóttir, Sigríður Klemensdóttir, Sigurlaug Jakobsdóttir, Róbert Dan Sigurðsson og Guðný Gunnarsdóttir. Mynd: Valgeir Guðbjartsson.

þessa. Liðin og einstaklingar unnu alla titla í karlaflokki sem hægt var að vinna. Deildarmeistarar, Íslandsmeistarar og bikarmeistarar liða, Íslandsmeistarar einstaklinga, Íslandsmeistarar í 3. deild karla. Þá var Ásgeir Þór valinn íþróttamaður ÍR 1998 fyrir góðan árangur sinn. Þúsaldarárið var hins vegar nokkuð óvenjulegt í sögu keiludeildar ÍR. Þótt sveitir félagsins hafi staðið sig ágætlega hrepptu hvorki þær né nokkur einstaklingur sigur í nokkru móti þar sem titlar voru í boði það ár.

Reykjavíkurmótið hefur verið með sterkustu keilumótum ár hvert. Þar hafa ÍR-ingar verið sigursælir, bæði í flokkum fullorðinna og unglinga. Félagið vann liðakeppni mótsins 1995 og aftur 1996 með sigri PLS-sveitarinnar. Hún vann aftur 2002.

ÍR-PLS, Reykjavíkurmeistarar liða 1994. Aftari röð: Hjálmtýr Ingason, Sigurður E. Ingason, Hörður I. Jóhannsson. Fremri röð: Halldór R. Halldórsson, Skjöldur V. Árnason, Jerome Olson.

Halldór Ragnar Halldórsson varð Reykjavíkurmeistari einstaklinga 1997 og ásamt Ásgeir Þór Þórðarsyni varð hann tvímenningsmeistari 1996 og 1997.

Auk Halldórs hafa orðið Reykjavíkurmeistarar einstaklinga í flokki fullorðinna Sigurður Lárusson 2003 og Pétur Þór Gunnlaugsson 2004. Guðný Gunnarsdóttir varð meistari í kvennaflokki 2005 og varði titilinn árið eftir eða í fyrra. Stefán Claessen og Magna Ýr Hjálmtýsdóttir urðu Reykjavíkurmeistarar með forgjöf 2003, en mótið fór fram í byrjun janúar 2004. Þau voru bæði í unglingaflokki er þau kepptu á aðalmótinu. Á Reykjavíkurmóti unglinga í árslok 2004 setti ungur ÍR-ingur met; Daníel Freyr Sigurðarson bætti metið í einum leik í flokki 12 ára, skoraði 236 stig.

Arnar Sæbergsson og Guðný Gunnarsdóttir urðu Reykjavíkurmeistarar para 2002. Guðný hampaði þeim titli aftur 2004 en þá með Halldóri R. Halldórssyni. Arnar vann hann á ný 2005 og hafði þá sem meðspilara Mögnu Ýri Hjálmtýsdóttur úr KFR.

Fjórum sinnum bikarmeistarar liða og fimm sinnum einstaklinga

Nokkrum sinnum hafa ÍR-ingar staðið uppi sem sigurvegarar í bikarkeppni Keilusambandsins. KLS-sveitin vann fyrsta bikarmeistaratitil ÍR með sigri í keppninni 1997. Hún vann aftur árið eftir en þá skipuðu hana Ásgeir Þór Þórðarson, Arnar Sæbergsson, Jón Ásgeir Rikarðsson, Jörundur Jörundsson og Eiríkur Kristinsson. Titilinn vann ÍR þriðja sinn árið 2002 en þá var að verki PLS-sveitin. Áttu Jón Bragason og Halldór Ragnar Halldórsson þá mjög góðan dag, Jón með 627 stiga leik og Halldór 619 stiga. KLS-sveitin vann svo titilinn að nýju 2004 og 2005.

Fimm sinnum hafa ÍR-ingar eignast sigurvegara í bikarkeppni einstaklinga. Keppt hefur verið í flokki karla og kvenna frá árinu 1989. Fyrstur til að vinna þá keppni í flokki karla varð Jón Helgi Bragason árið 1997. ÍR-ingar unnu þrjú ár í röð því það næsta hrósaði Jörundur Jörundsson sigri og Hjálmtýr Ingason 1999. Varð síðan bið til ársins 2004 er Árni Geir Ómarsson vann keppnina. Eina sigurinn í kvennaflokki hefur Guðný Gunnarsdóttir unnið eða þúsaldarárið, 2000.

Ásgeir Þór fyrstur Íslendinga til að spila fullkominn leik

Ásgeir Þór varð fyrstur Íslendinga til að spila fullkominn leik, svonefndan „300-leik“, en það afrekaði hann tvisvar árið 1994. Telst sá árangur heimsmet, enda ekki hægt að gera betur. Í millitíðinni hafa þrír ÍR-ingar til viðbótar leikið þetta afrek eftir. Sigurður Lárusson 1999, Jón Helgi Bragason 2000 og Steinþór Geirdal Jóhannsson árið 2004. Tveir þessara heyra KLS-sveitinni til, Ásgeir og Sigurður, og tveir PLS-sveitinni, Jón Helgi og Steinþór. Er Steinþór vann afrek sitt, á Freyjumótinu svonefnda, setti hann jafnframt Íslandsmet í fjórum leikjum, 1.033, jafnaði metið í fimm leikjum, 1.228, og setti nýtt met í sex leikjum, 1.484.

Það er ekki bara á titilmótum sem ÍR-ingar hafa hrósað sigri í keilu. Ásgeir Þór vann öll svokölluð stórmót Keilusambandsins á vertíðinni 1997–98 en þau voru sett á sérstaklega fyrir sterkustu keilarana og gáfu stig til landsliðs. Þá varð Sigurður Lárusson efstur á stigamótum KLÍ 2003 eftir hörkuspennandi keppni, aðallega við félaga sína úr ÍR. Hlaut hann 40 stig í heildarkeppninni, í öðru sæti varð Halldór Ragnar Halldórsson með 38 stig og þriðji Arnar Sæbergsson með 28 stig. Fyrir sigurinn fékk Sigurður Lárusson gjafabréf fyrir ferð á alþjóðamót í keilu að eigin vali. Halldór Ragnar var í miklu stuði á einu stigamótanna, setti Íslandsmet í sjö leikjum (1.634) og átta leikjum (1.880).

ÍR-KLS, bikarmeistarar 1997. Aftari röð: Arnar Sæbergsson og Jörundur Jörundsson. Fremri röð: Ásgeir Þór Þórðarson og Jón Ásgeir Ríkarðsson.

Fjórir heimsklassamenn á afmælismót ÍR

Í tilefni 10 ára afmælis keiludeildar ÍR var ýmislegt gert til hátíðabrigða. Efnt var m.a. til afmælismóts í Keilu í Mjódd síðustu helgina í september 2004. Fjórir sænskir keilarar í fremstu röð í heiminum, frá einu besta félagsliði heims, Pergamon, þáðu boð um að heiðra ÍR-inga á þessum tímamótum og etja kappi við þá. Konur tvær slógu í gegn með frábærri spilamennsku á mótinu og sátu í tveimur efstu sætum eftir forkeppnina. Fyrsti Svíinn, Robert Andersson, var í fjórða til fimmta sæti en félagar hans, Magnus Zachrisson, Martin Larsen og Pär Svensson, aftar. Átta efstu spilararnir í mótinu voru með yfir 1.300 stig í sex leikjum og kom sú góða spilamennska Svíunum mjög á óvart.

Steinþór Geirdal Jóhannsson úr ÍR var efstur eftir undanúrslitin og Martin Larsen annar. Léku þeir því til þrautar um sigur í mótinu og þar hafði hinn sænski gestur betur, vann 3–1, eftir harða og spennandi viðureign. Að móti loknu var öllum keppendum boðið til afmælisveislu í félagsheimili ÍR. Daginn eftir buðu keiludeildin og Keila í Mjódd öllum sem vildu prófa frítt í keilu. Tókst það mjög vel því stöðugur straumur fólks var allan daginn í Mjóddina.

Þá um kvöldið fór fram óopinber landsleikur milli Svía og Íslendinga með sýningarleik milli Íslendinganna fjögurra sem efstir voru í afmælismótinu og Svíanna. Íslendingarnir unnu fyrstu viðureignina en Svíarnir tvær þær næstu. Steinþór lék best spilaranna átta en auk hans var Arnar Sæbergsson frá ÍR í liðinu.

Ásgeir Þór barðist á toppnum í Evrópukeppni einstaklinga

Það var ekki bara að ÍR-ingar nytu velgengni heima fyrir því hróður Steinþórs Geirdal jókst er hann varð í áttunda sæti á Norðurlandameistaramótinu 2003. Átta árum áður varð Ásgeir Þór Þórðarson fyrstur ÍR-inga til að keppa í landsliði Íslands í keilu. Tók þá þátt fyrir Íslands hönd í Evrópukeppni einstaklinga sem haldin var í Hollandi 1995. Frammistaða hans var með miklum ágætum og vakti athygli, var hann lengi vel meðal efstu manna en endaði í áttunda sæti, sem telst afar gott. Ásgeir Þór vann sér einnig rétt til þátttöku í heimsmeistaramóti einstaklinga 1995 í Brasilíu og stóð sig einnig vel þar. Sömuleiðis kepptu Ásgeir Þór og Halldór Ragnar Halldórsson á HM landsliða í Reno í Nevadaríki í Bandaríkjunum 1995.

Norðurlandamót var haldið hér á landi 1.–4. febrúar 1995. Ásgeir Þór, Halldór Ragnar og Ingi Geir Sveinsson tóku þátt í því frá ÍR. Miklar væntingar voru gerðar til okkar manna fyrir mót og tókst mótshaldið með ágætum en árangur var ekki eins góður og vonast hafði verið eftir.

Hörður Ingi og Jón Helgi hársbreidd frá bronsi á EM í tvímenningi

Það sýnir hversu öflug keiludeild ÍR varð strax að hún átti árið 1997 fjóra af sex liðsmönnum sem tóku þátt í Evrópukeppninni í júní frá ÍR; Ásgeir Þór, Halldór Ragnar, Inga Geir Sveinsson og Hörð Inga Jóhannsson. Í kvennalandsliðinu var einn leikmaður frá ÍR, Sigríður Klemensdóttir. Einnig tók Jón Helgi Bragason þátt í þessu móti en hann gekk í raðir ÍR seinna þetta sumar. Þessi keppni fór fram í Nottingham árið 1997. Hörður Ingi og Jón Helgi enduðu í 4. sæti í tvímenningi og vantaði aðeins fjóra pinna upp á að þeir næðu bronsi. Árið 1996 voru ÍR-ingarnir Ásgeir Þór og Sigríður Klemensdóttir send til Evrópukeppninnar, sem fram fór í Finnlandi. Ásgeir varð í 81. sæti með 192,57 í meðaltal og af 131 keppanda. Sigríður varð í 88. sæti með 176,57 í meðaltal. Sama ár voru Ásgeir Þór, Ingi og Theodóra Pétursdóttir í landsliðinu sem keppti á Norðurlandamótinu í Eskilstuna í Svíþjóð í byrjun febrúar. Náðu Ásgeir og Ingi góðum árangri við mjög erfiðar aðstæður.

Vegna sigurs á Freyjumótinu keppti Ásgeir Þór á heimsbikarmóti einstaklinga sem haldið var í Egyptalandi 1997. Varð hann í 33. sæti af 82 keppendum, sem er mjög góður árangur. Var þetta í annað sinn sem Ásgeir tekur þátt í þessu móti, fyrra skiptið var í Brasilíu tveimur árum áður.

Meðal toppliða á Evrópumótinu og Ásgeir Þór í slag um verðlaun

ÍR átti fjóra menn af sex í landsliðinu sem sent var til keppni á Evrópumóti landsliða í Malmö í Svíþjóð 1998, Ásgeir Þór, Halldór Ragnar, Inga Geir og Jón Helga. Landsliðið náði 6.–7. sæti sem er besti árangur sem Ísland hefur náð á Evrópumóti. Ásgeir Þór varð Íslandsmeistari einstaklinga þetta ár. Sem slíkur keppti hann á Evrópumóti landsmeistara í Óðinsvéum í Danmörku í september og stóð sig með miklum ágætum, varð í áttunda sæti, spilaði 198 að meðaltali. Var hann í slag um verðlaunasæti allt fram á lokadag, en gaf þá aðeins eftir og hafnaði í 6. sæti af 27 þátttakendum. Skor hans í mótinu var 198 stig að meðaltali í leik, en meðalskor sigurvegarans 208,9 stig. Ásgeir vann 17 leiki en tapaði átta og gerði eitt jafntefli. Hæsta skori náði hann í leiknum gegn keppanda Wales, eða 269 stigum.

Besti árangur á heimsmeistaramóti liða

Jón Helgi Bragason var í keilulandsliðinu sem sent var til keppni á HM liða sem fram fór í Abu Dhabi í Sameinuðu furstadæmunum við Persaflóa 1999. Árangurinn var mjög góður. Liðið endaði í 10. sæti sem er besti árangur sem íslenskt landslið hefur náð á HM.

Jón Helgi náði 18. besta árangri keppenda á mótinu. Sem handhafi Freyjubikarsins tók hann þátt í heimsbikarmóti einstaklinga í Las Vegas

þetta ár. Gerði sér lítið fyrir og náði næstbesta árangri sem íslenskur keilari hefur náð í mótinu eða 18. sæti. Hann átti þar meðal annars 299 stiga leik. Vakti sú frammistaða hans það mikla athygli að keppni stöðvaðist á öðrum brautum meðan hann tók lokaskotið.

Halldór Ragnar Halldórsson gerði betur á heimsbikarmótinu árið eftir, á þúsaldarárinu, og náði þá 14. sæti. Að þessu sinni fór mótið fram í Lissabon í Portúgal. Þetta er besti árangur Íslendings á þessu móti frá upphafi og spilaði Halldór Ragnar 217 að meðaltali í leik. Til marks um gott spil hans í heimsbikarmótinu setti hann fimm Íslandsmet í leikjaseríum í mótinu. Þrír ÍR-ingar voru í landsliði Íslands sem tók þátt í Evrópubikarmóti landsliða í Ísrael þetta vor, Jón Helgi Bragason, Hörður Ingi Jóhannsson og Hjálmtýr Ingason. Reyndar spilaði aðeins Hjálmtýr þar sem Jón Helgi var þjálfari liðsins og Hörður Ingi fararstjóri. Árið eftir var aðeins einn ÍR-ingur, Árni Geir Ómarsson, í landsliðinu sem tók þátt í sama móti en þá fór það fram í Álaborg í Danmörku.

Jón Helgi og Halldór Ragnar voru hins vegar spilandi landsliðsmenn 2001 er þeir voru ásamt Ásgeiri Þór sendir til keppni á Norðurlandamótinu í Sarpsborg í Noregi. Urðu þeir í þriðja sæti í liðakeppninni. Enn eignaðist ÍR nýja landsliðsmenn árið 2002 er Árni Geir, Ásgeir Símon Halldórsson og Þórhallur Hálfdánarson voru sendir til Mülheim í Þýskalandi til keppni í Evrópubikarmóti landsliða. Ásgeir og Þórhallur voru nýliðar en Árni Geir að keppa í þriðju Evrópubikarkeppninni í röð.

Ásgeir Þór bestur allra á fyrsta degi Evrópumóts landsmeistara

Sem Íslandsmeistari í keilu keppti Ásgeir Þór Þórðarson á Evrópumóti landsmeistara, sem fram fór í Schiedam í Hollandi í september 2002. Hann var í 17.–18. sæti eftir fyrsta dag og því 20. eftir þann næsta. Að lokum varð Ásgeir Þór í 21. sæti af 32 keppendum að loknum 24 leikjum og komst því ekki í átta manna úrslit. Hann byrjaði mjög vel en dalaði er á leið. Þannig náði hann 269 pinnum í fyrsta leik og var það næstbesti árangur allra keppenda á fyrsta degi. Var það ekki fyrr en í sjöunda og næstsíðasta leik á fyrsta degi að norskur spilari bætti um betur. Ásgeir Þór vann sér keppnisrétt á heimsbikarmóti einstaklinga 2002 sem fram fór í Riga í Lettlandi. Þegar til kom átti hann ekki heimangengt vegna atvinnu sinnar.

Keilarar úr ÍR hafa gert víðreist á stuttri ævi deildarinnar. Árið 2002 var Steinþór Geirdal Jóhannsson t.a.m. sendur til keppni á heimsmeistaramóti undir 23 ára sem fram fór í Pattaya í Taílandi. Steinþór stóð sig þokkalega, hlaut 195 að meðaltali í leik og varð á endanum í miðjum hópi.

Þá var Steinþór ásamt þremur öðrum ÍR-ingum í sex manna landsliðinu sem tók þátt í HM landsliða sem fram fór í Kúala Lúmpúr í Malasíu 2003. Auk hans voru það þeir Arnar Sæbergsson, Jón Helgi Bragason og Sigurður Lárusson. Sá síðastnefndi var svo sem Freyjumeistari fulltrúi Íslendinga á heimsbikarkeppni einstaklinga í Hondúras sama ár. Á HM í Kúala Lúmpúr bar það hæst að Sigurður og Steinþór voru í 4. sæti í þrímenningi eftir fyrri dag. Þeir urðu hins vegar að gefa aðeins eftir á seinni deginum og náðu ekki verðlaunasæti.

ÍR átti síðan landsliðskonu á ný í fyrsta sinn í átta ár er Guðný Gunnarsdóttir var valin til keppni á Evrópubikarkeppni landsliða sem háð var í júní 2004 í Norwich á Englandi. Og ekki bara eina á árinu heldur tvær, því þær Guðný og Sigríður Klemensdóttir kepptu fyrir Íslands hönd á heimsbikarmóti landsliða sem fram fór í Hoofddorp í Hollandi í nóvember. ÍR-ingarnir Arnar Sæbergsson og Árni Geir Ómarsson kepptu einnig fyrir Íslands hönd í Norwich.

Fyrir alla mótastarfsemina innanlands höfðu ÍR-keilarar svo í nógu að snúast á erlendum vettvangi árið 2005 sem hin fyrri. Fjórir landsliðsmenn karla af sex sem kepptu á Evrópumeistaramóti karla í Moskvu í Rússlandi voru úr ÍR. Þeir Arnar, Árni Geir, Kristján Þórðarson og Steinþór Geirdal. Sá síðastnefndi náði bestum árangri í einstaklingskeppninni. Varð í 20. sæti með 1.324 stig eða 220,67 að meðaltali í leik. Kristján Þórðarson, sem var nýliði af hálfu ÍR í landsliðinu, skoraði 1.180 stig, Arnar 1.162 og Árni Geir 1.085. Sigurvegari í einstaklingskeppninni var Finni með 1.482 stig eða 247,0 að meðaltali í leik. Guðný Gunnarsdóttir ÍR keppti með landsliðinu sem þátt tók í heimsmeistaramóti kvenna í Álaborg í Danmörku þetta sumar. Þau Arnar tóku loks þátt í heimsmeistaramóti einstaklinga í Slóveníu. Arnar stóð sig afar vel og var í öðru sæti eftir fyrsta dag með 230 í meðaltal. Honum gekk ekki eins vel á öðrum degi og endaði að lokum í 19. sæti með 209 í meðaltal sem telst engu að síður frábær árangur.

Áhersla lögð á unglingana

Lengst af hefur talsverð áhersla verið lögð á unglingastarf hjá keiludeild ÍR, sérstaklega síðasta áratuginn. Forsvarsmenn deildarinnar gerðu sér ljóst að það væri forsenda uppbyggingar og endurnýjunar í keppnisliðum. Gekk það misjafnlega framan af og hæfir menn gáfust jafnvel upp á því að þjálfa kauplaust eða án nokkurrar annarrar umbunar fyrir framlag sitt. Fjárskortur háði allri starfsemi deildarinnar árum saman og að mati forsvarsmanna hennar fékk deildin lengi vel ekki opinbera styrki í hlutfalli við æfingar og keppni. Spurðu þeir sig jafnvel í öndverðu hvort hún væri ekki eðlilega styrkhæf þar sem liðsmenn æfðu hvorki né kepptu í mannvirkjum borgarinnar heldur stöðum í einkaeigu. Hættu lið jafnvel deildarkeppni vegna fjárskorts og árið 2000 var svo komið að landsliðsmenn ÍR treystu sér ekki í allar keppnisferðir vegna fjárskorts íþróttarinnar.

Úr þessu rættist þó og 2002 höfðu peningamálin lagast verulega, aðallega vegna aukins skilnings Íþróttabandalags Reykjavíkur (ÍBR) á því hve fjárfrek keiluíþróttin er. Þá náðust góðir samningar við Keilusalinn í Mjódd um æfingar deildarinnar. Samt dugðu æfingagjöld ekki fyrir húsaleigu en deildin náði endum saman með styrkjum frá velunnurum sínum. „Ég fæ ekki betur séð en það sé bjart framundan hjá okkur ÍR-ingum og með áframhaldandi unglingastarfi eins og hefur verið í uppbyggingu þá sé ég ekki betur en að það verði töluverð fjölgun í keppniskeilurum á næstu þremur árum," segir Þórarinn Már Þorbjörnsson, formaður deildarinnar, í skýrslu um starfsemina 2002.

Þjálfun yngra fólksins hefur árum saman verið á herðum leikmanna helstu afreksliða ÍR. Fyrstur annaðist hana Halldór Ragnar Halldórsson, síðan Sigurður Lárusson, Jón Helgi Bragason og Arnar Ólafsson. Allt margfaldir Íslandsmeistarar, bæði sem einstaklingar og með sínum sveitum. Stefán Claessen kom inn í þjálfun unglinga veturinn 2005–2006 og nú hefur Steinþór G. Jóhannsson einnig komið inn í þetta.

Mikil festa hefur verið í unglingastarfi keiludeildar ÍR frá árinu 2000 með reglubundnum æfingum frá hausti og fram á vor. Til að rækta garðinn enn frekar og búa í haginn til framtíðar hefur deildin með ágætum starfrækt keiluskóla á sumrin fyrir krakka á aldrinum níu ára til 13 ára. Jón Helgi Bragason tók þá að sér umsjón með starfinu og þjálfun unglinganna árið 2000. Það ár æfðu 25 unglingar að staðaldri en 136 árið eftir. Útlitið var því gott varðandi endurnýjun deildarliða ÍR á næstu árum. Fjölgunin hélt áfram því 152 unglingar stunduðu æfingar 2002 og 171 árið 2003. Var ásóknin orðin það mikil að fjölga þurfti æfingatímum unga fólksins. Til að byggja frekar undir starfið var sérstök unglinganefnd stofnuð 2003 með þátttöku foreldra.

Stór dagur í boði Landsbankans

Jón Helgi hélt einn utan um hið blómlega unglingastarf og vann allt sitt starf í sjálfboðavinnu fyrstu þrjú árin. Vegna umfangsins fékk hann annan keppnismann sér til aðstoðar, Arnar Ólafsson, árið 2003. Á þessu stigi var þjálfun unglinganna ekki lengur sjálfboðavinna og deildin vann að því að mennta þjálfarana sérstaklega. Var Jón Helgi m.a. sendur út til Englands að læra borun á kúlum.

Þrátt fyrir mikla aðsókn var farið hægt í sakirnar með þátttöku unglinganna í mótum. Um 20 tóku þátt í keppni á árinu 2003 og unnu nokkrir þeirra til verðlauna. Séð var fram á að þessi keppnishópur ætti eftir að stækka með árunum. Gróska var mikil vorið 2004 og vonast var eftir aukningu á haustmánuðunum. Reyndin varð önnur. Langt verkfall grunnskólakennara setti strik í reikninginn og einungis harðasti kjarni unglinganna skilaði sér á æfingar að hausti.

Mánudagsins 24. nóvember 2003 verður vafalaust minnst sem eins af stóru dögunum í barna- og unglingastarfi keiludeildar ÍR. Landsbankinn hafði stutt deildina með ýmsu móti um dagana en þennan dag barst frá honum stórgjöf. Hafði keiludeildin unnið að því að útvega öllum börnum og unglingum sem æfðu hjá henni nýjar kúlur sem sérstaklega voru mældar og boraðar eftir þörfum hvers og eins. Þar hljóp Landsbankinn undir bagga með því að gefa bæði kúlurnar og sérstakar töskur undir þær.

Hvert stefnir?

Keiludeild ÍR varð til við flutning keilusalar úr Garðabæ í Mjódd árið 1994, sem fyrr segir. Á vordögum 2006 gerðist það svo að húsnæði Keilu í Mjódd var selt undir heilsugæslustöð. Var stöðinni lokað í maí, á sama degi og vetrarvertíð lauk forðum og menn tóku skip sín í naust. Óljóst var er þessar línur voru settar á blað hvaða áhrif það hefur á líf keiludeildar ÍR til langframa. Með þessu missti hún aðstöðuna sem var forsenda stofnunar hennar og lífdaga. Og í einu vetfangi hvarf vettvangur meirihluta allrar keppniskeilu í landinu. Aðeins einn staður kom til greina sem nýr heimavöllur ÍR, Keiluhöllin í Öskjuhlíð, og þar fékk félagið inni.

Engan bilbug var þó að finna á félagsmönnum og til að leggja grunn að frekari eflingu starfs keiludeildarinnar til frambúðar fékk hún einn af bestu spilurum Evrópu, Svíann Robert Anderson, til að koma hingað til lands tvisvar sumarið 2006 til að þjálfa ÍR-keilara. Þetta átti sér stað í júní og júlí en í ágústmánuði varð hann ásamt landa sínum Martin Larsen heimsmeistari í tvímenningi.

Hópur barna í keiludeild ÍR þiggur rausnarlega gjöf frá Landsbankanum. Mynd: Arnar Ólafsson.

Inn í keppnistímabilið sem nær inn á 100 ára afmælisár ÍR fóru svo keilarar félagsins með því að vinna meistarakeppni Keilusambandsins bæði í karla- og kvennaflokki í september sl. Í karlaflokki hrósuðu Íslandsmeistararnir ÍR-PLS sigri. Liðið skipuðu Hörður Ingi Jóhannsson, Róbert Dan Sigurðsson, Sigurður E. Ingason, Steinþór G. Jóhannsson og Halldór Ragnar Halldórsson. En með sigri ÍR-TT var brotið blað í sögu keilunnar á Íslandi, ekki amalegt í byrjun afmælisvetrarins, en það var í fyrsta sinn sem kvennalið úr öðru félagi en Keilufélagi Reykjavíkur vinnur titil í liðakeppni í keilu í efstu deild kvenna.

Lið ÍR-TT sem vann þennan sögulega sigur skipuðu Guðný Gunnarsdóttir, Karen Rut Sigurðardóttir, Linda Hrönn Magnúsdóttir, Sigríður Klemensdóttir og Sigurlaug Jakobsdóttir. Rétt eins og keilarar úr röðum karla hafa verið sigursælir og borið hróður ÍR víða verður þessi fyrsti sigur kvenfólksins eflaust ekki sá síðasti.

Brotthvarf Keilu í Mjódd var mikið bakslag fyrir keiludeild ÍR þar sem Breiðholtið er heimasvæði ÍR og búið var að byggja upp samstarf við skóla á svæðinu til að fá unga fólkið í keilu. Von keilara ÍR er að með frekari uppbyggingu mannvirkja á félagssvæði ÍR verði þar byggður keilusalur svo deildin fái þar eigin aðstöðu til æfinga og keppni.